

## Samþykkt fyrir Ungmennaráð Djúpavogshrepps

Ungmennaráð Djúpavogs heyrir undir Sveitarstjórn Djúpavogshrepps. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi starfar með ungmennaráði.

### Skipan og seturéttur

- Ungmennaráð er skipað fimm fulltrúum á aldrinum 12-18 ára og jafnmörgum til vara.
- Ráðið er skipað að fengnum tillögum frá eftirtöldum aðilum:
  - Nemendaráð Djúpavogsskóla tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara
  - Félagsmiðstöðvaráð tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara
  - Stjórn Umf. Neista tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara
  - Mælst er til að a.m.k. einn fulltrúi sé á aldrinum 17-18 og að sá sé skipaður af nemendaráði Djúpavogsskóla
- Ungmennaráð kýs formann, varaformann og ritara á sínum fyrsta fundi. Tilnefning í ráðið gildir frá 1. október ár hvert til eins árs í senn. Fulltrúi félagsmiðstöðvaráðs og fulltrúi Nemendaráðs skiptast á að sitja tvö ár í ráðinu

### Helstu markmið og hlutverk ungmennaráðs eru:

- að koma skoðunum og tillögum ungs fólks í sveitarfélaginu til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins
- að gæta að hagsmunum ungmenna í Djúpavogshreppi og vinna að málefnum sem snerta hag þeirra
- að þjálfa ungt fólk í sveitarfélaginu í lýðræðislegum vinnubrögðum
- að hvetja ungt fólk í sveitarfélaginu til lýðræðislegrar þátttöku
- að gera tillögur að þátttöku ungs fólks í viðburðum á vegum sveitarfélagsins
- að senda fulltrúa á ráðstefnur, þing og fleiri þess háttar viðburði er varða hagsmuni ungs fólks
- að vera ráðgefandi um framtíðarsýn í frístundastarfsemi fyrir ungt fólk í sveitarfélaginu.

### Afgreiðsla mála

Ungmennaráð tekur til umfjöllunar þau mál sem sveitastjórn og nefndir sveitafélagsins óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi situr að jafnaði fundi ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til að ræða tiltekin mál. Aðrir starfsmenn sveitastjórnar skulu hafa seturétt ef fjallað er um verkefni sem snerta verksvið þeirra.

## **Fjárráð Ungmennaráðs**

Ungmennaráð starfar samkvæmt fjárveitingu sem samþykkt er af sveitarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert s.s. til fræðslu, útgáfu eða annars sem þörf þykir á. Ungmennaráð gerir starfsáætlun fyrir starfsárið.

## **Fundarskipan**

Ungmennaráð heldur a.m.k þrjá fundi á hverju starfsári. Auk þess fundar ungmennaráðið a.m.k. einu sinni á ári með sveitarstjórn og einu sinni með fræðslu- og tómstundanefnd. Dagskrá fundanna skal undirbúin í samráði við sveitastjórn.

## **Fundarsköp**

Um fundarsköp og fundargerðir og starfshætti ungmennaráðs fer samkvæmt 15. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Djúpavogshrepps.

Samþykkt þessi tók gildi þann 11. maí 2017 með staðfestingu sveitastjórnar.

Djúpavogi 11. maí 2017  
Sveitarstjóri